

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

---

1. gr.

Síðari málslíður 2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiða skal 0,5% stimpilgjald af fjárhæð hlutabréfa sem gefin hafa verið út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Um gjaldið fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Ekki skal greiða stimpilgjaldsálag vegna þeirra hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf., enda verði gjaldið greitt innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. apríl 2000.*